

Jóhann P. Jósefsson:
Árásir P. Þorb.

Frh. af 5. síðu.
Kr. og hefði því Páll Þorbjarnarson getað sparað sjer nokkurn hluta af fjandskaparfleyfri sínu ef löngunin til að svarta andstæðingana hefði ekki borið rjetta athugun ofurlíð hjá honum í þessu sem öðru.

Ósannindi Páls um að við Sig. Kr. höfum fjandskapast, eins og hann orðar það, gegn endurgreiðslu síldartollans í fyrra, eru naumast sjarverð. Við vildum hafa rjettiláta skiftingu við úthlutun fjárlans þann veg, að þeir sjómanna, er verst urðu úti á síldarveidunum yrðu styrktir með fje framar þeim er betri útkomu höfðu og minni þörf. Páll vildi hið gagnstæða og fekk því framgengt, en meira rjeði þar baktjaldamak flokkanna heldur en sanngirni í garð sjómanna þeirra, er þessa fjárfstyrks urðu aðnjótandi. Engin sjerstök ástæða er til þess fyrir Pál að hrósa sjer af því máli nje lasta aðra, sem betur vildu en hann.

Það er eins og áður segir, í augum Páls Þorbjarnarsonar árás á sjómenn og verkamenn, að vilja láta síldarbræðslur ríkisins greiða sem svarar 36 þús. kr. í vörugjald til Siglufjarðarbæjar, og í því sambandi leyfir maður þessi sjer að fara um okkur Sig. Kr. hinum verstu orðum.

Það er rjett, að þá sje athugað, hvaða vinarbragð Páll Þorbj. hefir sjálfur gefið sjómönnum og verkamönnum í afskiptum sínum af síldarbræðslum ríkisins á þessu sama sviði.

Má þá á það minna, að á haustþinginu í fyrra kom fram á Alþingi frumvarp um afnám útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum.

Sjálfstæðismennu bentu á, að á þinginu 1933 hefðu margir helstu bændur á þingi látið sjer fátt um finnst samskonar tillögu, er þar var fram lögð, og töldu þeir, að ef sjer var lögð, og lögð þá, myndi það leiða til þess, að frá sjávarútveginum kæmu fram samskonar kröfur. Jafnframt var lögð áhersla á það af Sjálfstæðismönnum, að ef ríkissjóður væri þess umkominn, að missa gjaldið af landbúnaðarafurðum, þá yrði fyrst að krefjast þess, að útlf. gjaldið af síldar- og fiskimjöli yrði fært úr 10 kr. á smáleit, þ. e. a. s. 6—7% af andvirði þess, niður í sama gjald og greitt er af öðrum fiskiafurðum, eða 15%.

Páll Þorbjarnarson gerðist þar banamaður þeirrar sjálfstöðu tillögu, og er ekki nema rjett, að hann sje á það mintur nú, þegar hann ræðst svona dólglega á okkur Sig. Kr. fyrir það, að við viljum samþykka vörugjaldið handa Siglufirði. Honum telst til, að við viljum skattleggja verksmiðjurnar með 36 þús. kr. skatti í þessu skyni. Fordæmir hann slíkt með óviðurkvæmlegum orðum og telur okkur ráðast á sjómenn og verkamenn að þessu gjaldi.

Með því að drepa tillöguna um að færa útflutningsgjald af síldarmjöli og fiskimjöli niður í sama gjald og af öðrum fiskiafurðum,

hefir þessi sami Páll ráðist á sjómenn og verkamenn með skatti er nemur ekki 36 þús. kr. heldur 140 þús. kr. og er þá miðað við venjulega ársframleiðslu á þessum vörum, og þessu upphæð verður auðvitað hærrí, þegar hin nýja vörutegund, karfamjölið, bætist við aðra mjölfralemiðslu.

Alvöruleysi þessa ágæta uppbotarþingmanns sjest best á því, að hann skuli úthrópa okkur fyrir tiltölulega lítið gjald af þessum afurðum, en sjálfur hefir hann blóðskattað sjómenn og verkamenn, sem að síldarútveginum standa með þeim fyrra skatti á framleiðslu þeirra, að hann verður á engan hátt rjettleitur.

Þingsaga Páls Þorbjarnarsonar er hvorki löng nje sjerlega til þrifamikil, en þetta dæmi sýnir, að honum er samt vissara að athuga fyrst sína eigin framkomu gagnvart sjómönnum og verkamönnum áður en hann freistar í næsta sinn að gera sig góðan á annara kostnað.

Þolinmæði
bænda þrotin.

Ávarp sent Alþingi.

Þóstudaginn 25. þ. m. heldu bændur úr Mosfells- og Kjalar-neshreppi fund að Brúarlandi; höfðu nokkrir bændur úr sömu hreppum boðað til fundarins.

Rætt var um afkomuögu-leika bænda í þessum hreppum.

Jón Guðnason, Úlfarsá setti fundinn og tilnefndi fundarstjóra síra Hálfðán Helgason, Mosfelli; hann tilnefndi fundarritara Björn Björnir, Grafarholti.

Kolbeinn Högnason hóf því næst umræður um dagskrárefni fundarinn og lagði fram ávarp til Alþingis.

Margir tóku til máls og var ávarpið þvínæst borið undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Var þá samþykkt að kjósa 7 manna nefnd til þess að fylgja ávarpinu fram og safna undirskriftum undir það. Var nefndinni heimilað að fá menn úr öðrum hjeruðum undir ávarpið.

Þessir voru kjörnir í nefndina: Ólafur Bjarnason, Brautarholti, Valdimar Guðmundsson, Varmadal, Jónas Björnsson, Norður-Gröf, Stefán Þorláksson, Reykja-hlíð, Ólafur Jónsson, Reynisvatni, Jón Guðnason, Úlfarsá og Kolbeinn Högnason, Kollafirði.

Skorað var á nefndina að kalla þegar saman fund, ef Alþingi daufheyrðist við málaleitan þeirri, er fram kemur í ávarpinu.

Morgunblaðið hefir ekki átt kost á að sjá ávarp það, sem samþykkt var á þessum fundi.

En eftir því, sem blaðið hefir hlerað af fundinum, mun það vera hin almenna óánægja bænda hjer í nærkvæmdum Reykjavíkur út af framkvæmdum valdhafanna í afurðasölvumálunum, sem Alþingi þá til að snúa sjer til Alþingis.

Verðsamanburður
Alþýðublaðsins
reynist rangur.

Greinargerð frá stjórn
bakarameistara-
fjelagsins.

Vegna hinna feitletruðu „lyggayfirlýsinga“ Alþýðublaðsins undanfarna dag, Alþýðublaðs sjerstaklega 25. þ. m., snerum vjer oss til hr. stórkaupmanns Magnúsar Kjaran og báðum hann að votta hið rjetta verð á rúgmjöli því, er vjer höfum mest notað af frá síðustu áramótum og fer það hjer á eftir.

„Eftir ósk stjórnar Bakarameistarafjelags Reykjavíkur vil jeg taka fram eftirfarandi atriði:

Þar sem jeg undanfarin ár, hefi annast innkaup fyrir Samband bakarameistara í Reykjavík, hafa þeir bygt skýrslur um verð á rúgmjöli á þessum er verð hafa fjenglið uppgefna á skrifstofu minni.

Í skýrslu sinni í ársbyrjun segja þeir rúgmjölsverð kr. 17.00, en það hefir verið vjefengt. Í fundarbók fjelagsins frá 12. des. f. á. stendur svo: „Samþykkt að taka tilboði Ísl. Rússneska Verslunarfjelagsins um kaup á rúgmjöli fyrir kr. 17.00 pr. 100 kgj. heimflutt“.

Verð á rúgmjöli undanfarið hafa þeir bygt á því, að nýlega hringdi einn þeirra á skrifstofu mína og spurði hvað þeir hefðu greitt fyrir rúgmjöl í sumar, sá er varð fyrir svörum fletti upp í fundarbókinni og sá að það var kr. 13.00 og svaraði því svo, en athugaði ekki að verð á rúgmjöli er en gengismunur í norsksri og íslensksri krónu hefir verið nálega 11% og svo er kostnaður hjer, uppskipun og hafnargjald 1.05, svo þetta rúgmjöl hefir kostað hjer kr. 15.50, en lægst höfum við keypt rúgmjöl fyrir Nk. 12.50 cif.

Þótt verð á rúgmjöli hafi ekki hækkað mikið í Noregi hingað til, þá eru þeir nú útilokaðir frá því að kaupa það þaðan, þar sem gjaldþingis- og innflutningsleyfi eru nú bundin því skilyrði, að vara þessi sje keypt í Danmörku.

Að þetta sje rjett, má sjá af innkaupsreikningum og fundarbók fjelagsins, sem hvortveggja er í mínum vörslum.

Reykjavík 26. okt. 1935.
Magnús Kjaran.“

Eins og ofanritað skýrist ber með sjer, höfum vjer í alla staði farið rjett með, þar sem vjer segjum um síðustu áramót að vjer lækkum verð á brauðum vegna þess að 100 kg. rúgmjöl kosti ekki nema kr. 17.00 og vjer búumst við meiri verðlækkun frá undan, eins og skýrslan líka sýnir að orðið hefir, en aðeins munar litlu, að alveg sje rjett með farið hvað verðið varð lægst af þeim á-

Auglýsing
um
dráttarvexti.

Samkvæmt ákvæðum 45. gr. laga nr. 6, 9. jan. 1935 og úrskurði fjármálaráðherra, samkvæmt tjeðri lagagrein, falla dráttarvextir á allan tekju- og eignaskatt, sem fjell í gjalddaga á manntalsþingi Reykjavíkur 31. ágúst 1935 og ekki hefir verið greiddur í síðasta lagi hinn 9. nóvember næstkomandi. Á það, sem greitt verður eftir þann dag falla dráttarvextir frá 31. ágúst 1935 að telja.

Þetta er birt til leiðbeiningar öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Tollstjórinn í Reykjavík, 28. oktbr. 1935.
Jón Hermannsson.

Dregið

var í happdrætti „Karlakórs Reykjavíkur“ kl. 11 í gær hjár lögmanni.

Table with 2 columns: Prize amount and description. Includes items like 600 kr., 250 kr., 200 kr., 100 kr., 50 kr.

Þessi númer komu upp:
1034 útlvarpateki 600 kr.
3901 málverk 250 —
1331 málverk 200 —
3063 peningar 100 —
2843 peningar 50 —
Þeir, sem hlotið hafa þessi númer, eru góðfúslega beðnir að vitja framangreindra muna og peninga til formans kórsins, Sveins G. Björnssonar, c/o Pósthúsið.

Ný
Katharine
Hepburn
mynd um
met, ástir
og lausung.



Katharine Hepburn, í „Ást flugkonunnar“.

Ást flugkonunnar heitir mynd, sem Gamla Bíó sýnir þessa dagana og skeður myndin í London, við Miðjarðarhafið og New York. Katharine Hepburn leikur aðalhlutverkið, Lady Cynthia Darrington, og er efnið í skemstu máli þetta: að hún, sem er fræg flugkona, og á ekki önnur áhugamál en að fljúga, kemst á sjerstakan, og á talsvert æfintýralegan hátt í kunningsskap við þektan og vel-sjeðan breskan stjórnálamann og verður heimangangur á heimili hans í London. Stjórnálamannurinn Sir Christopher Strong, leikin af Colin Clive, kosti óeingjarna ást!